

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Akraneshöfn, nr. 24 4. febrúar 1963.

1. gr.

41. gr. orðist þannig:

- a. Skip, sem heima eiga á Akranesi og minni eru en 20 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjöld einu sinni á ári, kr. 16.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Sama gjald greiða og geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmllestir. Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem greiða ekki bryggjugjald.
- b. Flóabáturinn Reykjavík—Akranes skal greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 140.00 af hverri brúttórúmllest.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma nema herskip, varðskip, björgunar-skip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vís-indalegra rannsókna og skip þau, sem um getur í staflíð d. þessarar greinar, skulu greiða kr. 1.20 fyrir hverja brúttórúmllest. Innlend fiskiskip skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftast en einu sinni í mánuði en strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun greiða hálf gjald.
- d. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til þess að rétta áttavita, fá skipshafnir eða leggja á land sjúka menn eða látna. Gjaldldagi lestagjalds skv. a. og b. lið þessarar greinar skal vera 1. marz ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjaldldaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu, eða lagzt að bryggju.

2. gr.

42. gr. fellur niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

3. gr.

42. gr. orðist þannig:

Hvert skip eða bátur, sem leggst við hafnarbryggjurnar, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmllest skipsins. Gjald þetta skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, kr. 0.55 af hverri rúmllest þó aldrei minna en kr. 55.00 fyrir hvern sólarhring. Herskip, varðskip og flóabáturinn Reykjavík—Akranes eru undanþegin gjaldi þessu.

4. gr.

43. gr. orðist þannig:

Bátar minni en 10 rúmllestir brúttó skulu greiða bryggjugjald, kr. 200.00 fyrir hvern mánuð.

5. gr.

44. gr. orðist þannig:

Fyrir að leggja skipi í fjöru í eigu hafnarsjóðs til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 1.20 af hverri brúttórúmllest skipsins, þó aldrei minna en kr. 120.00 (Fjöru-gjald).

6. gr.

48. gr. orðist þannig:

Hafnsögu-gjöld skulu greidd skv. eftirfarandi gjaldskrá.

- a. Fyrir leiðsögu til eða frá höfninni kr. 600.00 fyrir hvert skip auk kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmllest.

- b. Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr innri höfninni greiðist hálf gald skv. lið a.
- c. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða skylt er að greiða hafnsögugjald skv. 46. gr. greiða kr. 100.00 í hafnsögusjóð.

7. gr.

54. gr. orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 100.00 fyrir hvert tonn:
Ís, nýr fiskur, afli fluttur á land, (loðna þó aðeins kr. 6.00), mjólk.
2. flokkur. Gjald kr. 36.00 fyrir hvern rúmmetra:
Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli, þar með talin húsgögn, kork, vikurplötur, tómir ísfiskskassar.
3. flokkur. Gjald kr. 2.00 hvert stykki og kr. 27.00 hvert tonn:
Sildar- og gotutunnur og aðrar líkar, tómar tunnur, endursendar umbúðir og kassar, kornvörur, sykur, smjör, smjörlíki, áburður, hey, beita, laus vikur, gips, salt, kol.
4. flokkur. Gjald kr. 36.00 fyrir hvert tonn:
Saltfiskur óverkaður, laus og pakkaður, ísfiskur, freðsild og frosinn fiskur, laus og í kössum, nýr fluttur úr landi.
5. flokkur. Gjald kr. 40.00 fyrir hvert tonn:
Blý, eldfastur leir, járnror, smíðajárn, saumur, akkeri, keðjur, girðingajárn, fiskilínur, kaðall, hessian, mótorar, vélahlutir, fiski- og sildarmjöl, sement og pappírspokar.
6. flokkur. Gjald kr. 48.00 fyrir hvert tonn:
Harðfiskur, sundmagi, saltfiskur, verkaður, niðursoðnar fiskafurðir, fiskflök ný og frosin, lýsi, hvalkjöt og reyktur fiskur.
7. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hvert stykki:
Sauðfé, tómar stáltunnur, lýsis- og smurolíuföt, gotutunnur og sildartunnur, fullar- öl- og gosdrykkjakassar, fullir.
8. flokkur. Gjald kr. 65.00 fyrir hvert tonn:
Brennsluolíur og benzín (laus í geymi).
9. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hvert stykki.
Lýsisföt, smurnings- og steinolíuföt, full.
10. flokkur. Gjald kr. 48.00 fyrir hver 100 kg:
Dúnn, fiður, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, sælgætisvörur, glervörur, leðurvörur og leikföng.
11. flokkur. Gjald kr. 120.00 fyrir hvert tonn:
Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd og ekki heyra undir aðra flokka.
12. flokkur. Gjald kr. 100.00 fyrir hver 100 kg:
Tóbaksvörur, vín og vínandi.
13. flokkur. Gjald kr. 30.00 fyrir hvert stykki:
Mótorhjól, hross, nautgripir, hljóðfæri, kæliskápar, þvottavélar og heyyinnuvélar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. apríl 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.